

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003-2015**  
**vegna miðsvæðis Hvolsvallar.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 19. mars 2015 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003-2015, sem samþykkt var í sveitarstjórn Rangárþings eystra þann 26. febrúar 2015.

Í breytingunni felst að miðsvæðið M2 verður stækkað um 4,5 ha en íþróttasvæðið (opið svæði til sérstakra nota) og landbúnaðarsvæði verða minnkuð um samtals 4,5 ha. Legu megingönguleiðar verður breytt.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 19. mars 2015.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2015